

Miðvikudaginn 30. jan. 1924.

Nr. 42/1923. **H/f. Geir Thorsteinsson & Co.**
 gegn
Guðmundi Sveinssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, H/f. Geir Thorsteinsson & Co., sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 27. febr. 1924.

Nr. 22/1923. **Hreppsnefnd Miðneshrepps**
 (Guðm. Ólafsson)
 gegn
Bjarna Ólafssyni vegna m/b.
„Hrafns Sveinbjarnarsonar“
 (Magnús Guðmundsson).

Útsvarsmál; spurning um takmörk Faxaflóa að suðvestan.

Úrskurður fúgetarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 19. júní 1922: Lögtaksgjörð sú, er hreppstjóri Ytra-Akraneshrepps framkvæmdi 16. f. m. hjá Bjarna kaupmanni Ólafssyni á Akranesi fyrir 150 kr. útsvari til Miðneshrepps frá árinu 1921, er hjer með úr gildi feld og hinir lögtegnu munir leystir úr löghaldinu.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Miðneshrepps hefir skotið lögtaksmáli þessu til hæstarjettar að fenginni upp-

reist, dags. 16. mars f. á., gjafsókn og skipuðum málflutningsmanni.

Eftir staðháttum og samkvæmt þeim upplýsingum, er lagðar hafa verið fram hjer í rjettinum, þar á meðal vottorð frá 10 skipstjórum og siglingafróðum mönnum, verður að telja að Faxaflói takmarkist að suðvestanverðu af Garðskaga, enda er þessi niðurstaða í samræmi við það, að lög 12. nóvbr. 1875 um þorskanetalagnir í Faxaflóa, er mæla svo fyrir að hvergi megi leggja þorskanet í Faxaflóa á vissum tíma árs, hafa ætíð verið skilin þannig, að þau næðu að eins til svæðisins innan við Garðskaga.

Þar sem því Sandgerði verður eigi talið liggja við Faxaflóa, hafði hreppsnefnd Miðneshrepps heimild til þess samkvæmt lögum nr. 50/1919 að leggja aukaútsvar á útgerð stefnda þar árið 1921. Samkvæmt þessu verður að fella hinn áfrýjaða lögtaksúrskurð úr gildi og skylda fógetann til þess að framkvæma hið umbeðna lögtak fyrir útsvarinu 150 kr.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefndi greiði ómakslaun hins skipaða málflutningsmanns hreppsnefndarinnar, sem hefir rekið málið óaðfínnanlega, og ákveðast þau kr. 100,00. Að öðru leyti þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður skal úr gildi feldur og ber fógetanum að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Stefndi, Bjarni Ólafsson, vegna m/b. »Hrafns Sveinbjarnarsonar« greiði málflutningskaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda, hæstarjettarmála-

flutningsmanns Guðmundar Ólafssonar, 100 kr.,
að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Oddviti Miðneshrepps hefir krafist þess, að lögtak þetta yrði framkvæmt, og telur heimildina fyrir útsvarsálagningunni að finna í lögum nr. 50, 28. nóv. 1919, en þar er svo að orði kveðið: „Ekki er heimilt að leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppi í sama sýslufjelagi, eða við sama fjörd eða flóa, sem útræði er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra.“

Gjörðarbeiðandi hefir haldið því fram, að lagaákvæði þetta heimilæði útsvarsálagninguna, með því að Faxaflói sætti að eins að teljast innan Garðskaga, og yrði því svæðið milli Garðskaga og Reykjaness ekki talið liggja við Faxaflóa.

Gjörðarþoli hefir aftur á móti haldið því fram, að Faxaflóa beri að telja að Reykjanesi, og lagt fram því til sönnunar vottorð frá Páli skólástjóra Halldórssyni og Hannesi Hafliðasyni er telja skilning hans rjettan á þessu atriði.

Bæði eftir legu landsins og gögnum þeim sem fyrir liggja, verður að telja það rjett, að Faxaflói nái alla leið að Reykjanesi og þar sem gjörðarþoli hefir fært sönnur á, sbr. rskj. 16, að hann hafi greitt útsvar fyrir vjelbátinn „Hrafn Sveinbjarnarson“ árin 1920 og 1921 á Akranesi, virðist ekki hafa verið heimilt að leggja útsvar þetta á í Miðneshreppi, og ber því að fella lögtaksgjörð þá úr gildi, er hreppstjóri Ytri-Akraneshrepps framkvæmdi hjá Bjarna Ólafssyni á Akranesi 16. f. m., og leysa hina lögteknu muni úr löghaldinu.
